

Miðvikudaginn 14. ágúst 2013 kl. 10:00 kom fjallskilastjórn Víðdælinga saman á L – Ásgeirsá. Formaður Sigtryggur Sigurvaldason setti fund og stjórnaði. Maríanna Eva Ragnarsdóttir skrifaði fundargerð.

1. Undirbúningur álagningar fjallskila haustið 2013. Borist hafa óskir um að tekið verði tillit til þess að hrossum í eigu Brynjólfs Áspórssonar hefur fækkað úr 12 í 3. Beiðni þessi er samþykkt.
2. Ákveðið er að verð á einingu sé óbreytt 190 kr og gangnamat fer úr 10.500 í kr. 11.000 per dagsverk. Ein kind er ein eining og eitt hross er 6 einingar. 30% afsláttur er gefinn af hrossum sem ekki ganga á afrétti. Tímagjald fyrir aukaverk er ákveðið kr. 2.070, tímagjald fyrir hjól er ákveðið kr. 2.070 samkvæmt reikningi.
3. Niðurjöfnun fjallskila haustið 2013 á grundvelli forðagæsluskýrslna, vortalningar, fasteignamati lands og áorðinna kynntra breytinga á búfjáreign.
Framtalið fjallskilaskyrt búfé:
Sauðfé 5644
Hross 998
Samtals 11.632 einingar
4. Gengið frá gangnaseðli til fjölföldunar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),
Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).